


Markaðssetning á netinu

Fjöldi internet notenda í heiminum er um 1 milljarður þar af eru um 225.000 manns tengdir internetinu á Íslandi. Flestir virkir internet notendur eru í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu og Spáni og því eru þessi lönd stærstu markaðssvæðin fyrir netsölu. Þó svo að notkun internets meðal Evrópubúa sé útbreiddust hér á Íslandi í er ekki sömu sögu að segja af netviðskiptum. Árið 2005 pantaði riflega fjórði hver Íslendingur vörur eða þjónustu um internet. Þetta sama ár pantaði hins vegar þriðji hver íbúi Bretlands og Þýskalands um internet þrátt fyrir að þar noti töluvert færri internet eða um 65–66% á móti 86% hér á landi.

Að meðaltali hafði þriðji hver netnotandi í aðildarlöndum Evrópusambandsins keypt vörur eða þjónustu um internet árið 2005. Algengast var að breskir (54%) og þýskir (50%) netnotendur hefðu keypt um internet það ár, því næst netnotendur í Svíþjóð (45%), Lúxemborg (45%), Finnlandi (45%) og Noregi (44%). Hlutfall hollenskra, austurrískra, íslenskra, írskra og danskra netnotenda sem höfðu keypt um internet árið 2005 lá á bilinu 31–34%.

Netverslun árið 2005 var í öllum heiminum rúm 143.2 milljarða dollara sem var aukning um 22% frá 2004. Af þessari sölu var sala tengd ferðaþjónustu með 60.9 milljarða dollara en önnur sala var 82.3 milljarða dollara.

Internetið samanstendur af milljörðum vefsíðna og leitarvélar eru til að auðvelda mönnum leit að ákveðnum upplýsingum sem þar leynast. Leitarvélar hafa það hlutverk að safna saman og gera skil í gagnagrunnum öllum þeim upplýsingum sem þær safna saman af internetinu. Gagnagrunnur sem leitarvél byggir upplýsingar sínar á getur komið frá tveimur uppsprettum annars vegar frá leitarforritum (e. Crawler based database) og hins vegar frá handunnum gagnagrunnum (e. Web directory). Leitarforritin virka þannig að þær nota algríma til þess að skrá niður upplýsingar sem vefsíðan inniheldur og býr til stikkorð til að lýsa vefnum. Forritið hoppar á milli síða innan vefsins í gegnum þá linka sem eru á honum og skráir upplýsingar fyrir hverja síðu, einnig skoðar hún og les aðrar vefsíður sem bent er á. Hún heldur því för sinni áfram um internetið og nær þannig að komast yfir mikið magn upplýsinga. Þessum gögnum er svo skilað til leitarvélarinnar sem tekur þau saman og raðar í ákveðna röð. Upplýsingar sem handunnir gagnagrunnar safna saman eru aftur á móti safnað saman af mönnum, annað hvort með því að óháður einstaklingur tekur niður upplýsingar um viðkomandi vef eða vefsíða er skráð af eiganda hennar.



Sumar leitarvélar notfæra sér eingöngu upplýsingar frá annarri hvoru uppsprettunni eru flestar leitarvélarnar notfæra sér báðar tegundirnar, eins og sést á mynd hér að ofan. Vinsælustu leitarvélarnar eru Google (um 55% markaðshlutdeild) sem notast við eigin leitarforrit, Yahoo (um 25% markaðshlutdeild) sem notar Overture leitarforritið ásamt handunnum upplýsingum og MSN search sem notast við sitt eigið leitarforrit auk upplýsinga fengnar af Yahoo Search Marketing (keypt leit). Vinsælustu handunnu gagnagrunnarnir sem leitarvélar notfæra sér eru Open Directory (Dmoz) og Yahoo Directory.

Þegar leitarvél hefur aflað gagna í gagnagrunn sinn býr hún til viðeigandi uppflettiorð í gagnagrunninn sem hún flettur upp í þegar lögð er fram leitarfyrirspurn. Þannig leitar hún að upplýsingum í gagnagrunninum en ekki á internetinu sjálfu. Lokaniðurstöðunni er svo raðað saman í röð þar sem þær upplýsingar sem taldar eru skipta mestu máli eru settar efstar og svo koll af kolli. Það er því mjög mikilvægt að leitarvélarnar geti lesið vefinn vel og ítarlega. Það er ekki sjálfgefið að vefurinn sé allur lesinn og að leitarvélín visti afrit af honum öllum í gagnagrunni sínum. Ýmsar leiðir eru hinsvegar til að tryggja að vefurinn sé lesinn t.d. með því að benda leitarvélunum á að koma í heimsókn og einnig með því að fá aðra vefi til að benda yfir á vefsvæðið. Það verður að gera ráð fyrir því að það taki leitarvél nokkurn tíma að ná fullnægjandi afriti af nýju vefsvæði. Það eru þó ýmis atriði sem hægt er að gera til að stytta þann tíma og komast ofarlega í leitarniðurstöðu. Verður farið í þau atriði hér neðar í skýrslunni.

Leitarvél fullyrða að þær lesi öll orð á hverri síðu og geri það með því að lesa síðu frá toppi og niður eftir síðunni, það er því mikilvægt að þau orð og setningar sem lýsa vefnum séu ofarlega á hverri síðu. Það sem skiptir mestu máli fyrir leitarvélarnar er staðsetning á lykilorðum (e. keywords) og hversu oft þau birtast á tiltekinni síðu. Það er

Því mikilvægt að velja lykilorð við hæfi og koma þeim ofarlega fyrir á hverri síðu. Þannig er mikilvægt að markaðssetja vefsvæðið fyrir leitarvélar.

En fyrirtæki eru í vaxandi mæli að nýta sér internetið til að selja vörur og þjónustu og til að kynna starfsemi sína að öðru leyti. Ein leið til að ná árangri í markaðsstarfinu og ná til fleiri viðskiptavina er að nota leitarvélnar á netinu á markvissan hátt. Ef leitarvélnar eru rétt notaðar má auka stórlega árangur sölu- og markaðsmála með því að:

- Búa til ný viðskiptatengsl
- Auka sölu
- Efla vörumerkið
- Bæta sýnileika fyrirtækis

Markaðssetning með notkun leitarvéla er í raun blanda af tveimur aðferðum. Önnur aðferðin er leitarvélargreining (e. Search Engine Optimisation) en hin aðferðin er keypt leit (e. Paid Search).

Leitarvélargreining

Leitarvélagreining er fólgin í því að byggja vefsvæðið þannig upp að það skori hátt á leitarvélum við innslátt þeirra lykilorða sem viðskiptavinir fyrirtækisins mundu að öllum líkindum nota þegar þeir leita á netinu. Ef leitarvélagreining er framkvæmd á faglegan hátt, þá á vefsvæðið að finnast vel á öllum helstu leitarvélunum. Það þýðir að vefsvæðið fær heimsóknir sem ekki þarf að borga sérstaklega fyrir. Þessi aðferð er nokkuð tímafrek og að það krefst mikillar þekkingar að koma vefsvæði ofarlega í niðurstöðu á leitarvélum. Atriði sem skipta mjög miklu máli eru þessi; Að titill á síðunnar sé lýsandi og innihaldi þau lykilorð sem síðan á að finnast undir. Að Meta tag skipanir sem sjást í html kóða síðunnar innihaldi góða lýsingu fyrir síðuna og innihaldi þau lykilorð sem birtast í titli síðunnar. Að texti og fyrirsagnir innihaldi þau lykilorð sem viðskiptavinurinn mun slá í leitarvél og að sem flest orð séu í nefnifalli. Einnig er mjög mikilvægt að þau lykilorð sem eru í titilinum séu einni í textanum. Linkar á síðunni eiga að vera lýsandi og síðurnar innan vefsvæðisins eiga að tengjast saman og þannig á að benda á aðrar síður á vefnum eins og oft og hægt er. Leitarvélar eru hrifnar af veftré sem inniheldur allar síður vefsins og því þarf vefsvæðið að innihalda veftré ásamt góðu leiðakerfi sem auðvelt er að ferðast um. Mikilvægt er að það séu engir dauðir linkar á vefsvæðinu þar sem leitarforritin hoppa á milli síða til að safna saman gögnum og ef forritið hoppar af síðunni yfir á síðu sem er ekki til að þá er er yfirlestri lokið. Önnur atriði eru veigaminni en þau eru m.a. að skýra myndir, vera með einfaldar url slóðir, ekki byggja vefinn á römmum, fleiri en eitt tungumál, forðast forritunarmál eins og javascript og flash (má vera en ekki of mikið), ekki spama leitarvélnar og forðastu skal að áframkeyra síður. Þegar búið er að gera þessa vinnu að þá þarf að halda stöðunni með því að uppfæra vefsvæðið reglulega og fylgjast með samkeppninni og þeim breytingum sem verða á leitarvélunum. Í framhaldinu þarf að fá vísanir á vefsvæðið af öðrum vefsvæðum sem hafa hátt skor á leitarvélum og skrá það á helstu gagnagrunnanna.

Keypt leit

Ólíkt leitarvélagreininu er “keypt leit” fljótleg og árangursrík leið til að gera vefsvæðið sýnilegt á leitarvélum og helstu gagnagrunnum. Keypt leit hefur náð talsverðum vinsældum að undanfögnu og bendir margt til að vöxturinn muni aukast mikið í framtíðinni, því vaxandi fjöldi fyrirtækja er farin að verja umtalsverðum fjármunum í þessa tegund af markaðssetningu.

Borgun fyrir Klikk

Borgun fyrir Klikk er fólgin í því fyrirtæki bjóða í þau lykilorð sem þau telja að viðskiptavinir þeirra muni nota þegar þeir leita á netinu. Sá sem býður hæst í viðkomandi lykilorð birtist efstur í leitarvélunum. Greiðsla fyrir hvert lykilorð getur numið frá 4 centum upp í nokkra dollara eftir vinsældum viðkomandi lykilorðs. Fyrirtækin ráða hversu mörg lykilorð þau velja, en almennt er ráðlagt að velja þau orð og/eða setningar sem lýsa vel því sem verið er að kynna.

Skráning gegn gjaldi

Margar leitarvélar og gagnagrunnar bjóðast einnig til að skrá vefsvæði handvirkt gegn ákveðnu skráningargjaldi. Getur það stýtt mjög þann tíma sem tekur fyrir ný vefsvæði að finnast á viðkomandi leitarvél eða gagnagrunni. Þessi þjónusta getur einnig hentað fyrir þau vefsvæði sem uppfærast mjög oft, því örar uppfærslur auka líkur á að leitarvélarnar séu með eldri útgáfu vefsins á skrá hjá sér. Með því að borga fyrir að leitarvélarnar afriti vefsvæðið reglulega er komið í veg fyrir slíkt. Fréttasíður eru dæmigerð vefsvæði sem þyrftu að íhuga að kaupa reglulega afritunartöku.

Borgun fyrir sölu

Fjöldmargar vefsíður innihalda lista yfir verslanir sem selja ákveðan vöru, sala fer fram að þá tekur vefsíðan vissa prósentu fyrir en annars er ekkert gjald tekið fyrir kynninguna. Vefsíðan www.centralshopping.net er dæmi um slíka kynningarsíðu en hún kynnir vefverslanir og bendir viðskiptavinum inn á þær gegn því að fá hludeild í sölunni ef sala fer síðan fram.

Keypt leit getur átt vel við þau fyrirtæki sem telja sig ekki vera að fá viðunandi niðurstöðu í gegnum almenna leit á leitarvélum, fyrirtæki sem eru í ákveðinni skammtíma markaðsherferð og þeim sem eru að selja vörur og/eða þjónustu í gegnum vefsvæðið sitt.

Aðrar leiðir til markaðssetningar

Skipti á linkum (Link Exchange)

Ein mikilvægasta leiðin til að fá sýnileika á leitarvélum er að aðrir bendi yfir á vefsíðuna þína. Skipti á linkum er því ákjósanleg leið til þess að fjölga þeim sem benda yfir á vefsvæðið þitt. Með þessu bendir þú á vefsíðu og færð í staðinn bendingu frá þeirri síðu yfir á þig. Með þessu eykst gildi vefsíðunnar og þar með aukast líkunar á því að vefurinn þinn birtist ofarlega í leitarniðurstöðu.

Það er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki alveg sama hvernig linkurinn er sem bendir á vefsvæðið þitt. Linkurinn þarf helst að innihalda fyrirsögn, texta og url slóð en með þessu er verið að segja leitarforritinu um hvað vefurinn þinn fjallar.

Góður linkur gæti litið svona út fyrir Libius.

Libius - Internet ráðgjöf og þjónusta á netinu

Libius býður upp á Internet ráðgjöf og þjónusta á netinu ásamt markaðssetning á leitarvélum

www.libius.is

Ein góð vefsíða sem býður viðskiptavinum sínum að tengjast innbyrðis og skipta á linkum er www.linkmarket.net. Hún er tilvalin fyrir þá sem eru með enska útgáfu af vefsvæði sínu og vilja ná árangri í markaðssetningu á honum. Í dag er ekki íslensk vefsíða sem tengir aðila svona saman.

Markpóstar (Email Targeting)

Ein leið í markaðssetningu er að senda út markpósta til tiltekins markhóps og er þá um að ræða email sem sendur er út til þeirra sem hafa samþykkt að fá slíkan email. Fyrirtæki geta sjálf byggt upp lista af einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja fá slíka sendingu en einnig er hægt að nýta sér vefsvæði sem í gegnum tíðina hafa safnað saman einstaklingum sem vilja fá senda markpósta sem þjóna þeirra áhuga.

Mikill fjöldi vefsvæða bjóða mönnum upp á svona þjónustu og má m.a. nefna www.webtrafficmarketing.com og www.majon.net.

Sprettigluggar (Popup Window)

Sprettigluggar eru leið til markaðssetningar sem mörgum leiðist en sprettigluggi er gluggi sem birtist þegar maður er á allt annarri síðu. Þjónustan í þessu er þó alltaf að aukast og nú eru í boði vefsíður sem bjóða manni þá þjónustu að vefur manns birtist þegar ákveðinn leitarorð eru slegin á leitarvélum eða hjá þeim sem er að heimsækja vef samkeppnisaðila. Ekki er sérstakleg mælt með því að fyrirtæki noti þess leið til markaðssetningar en vitað er að hún getur skilað mjög mörgum heimsóknnum á vefsíðu fyrirtækis fyrir tiltölulega litlar fjárhæðir. Þetta er þó vanalega stuttar heimsóknir sem skila ekki mikið af sér. En ef fyrirtæki er með eitthvað mjög mikilvægt sem það telur sig verða að koma á framfæri þá er þessi markaðsleið góð til að ná til mikils fjölda internet notenda.

Vefsíður sem bjóða upp á Sprettiglugga markaðssetningu eru www.mediatraffic.com, www.2muchtraffic.com, www.highflowtraffic.com og www.submitpro.us.

Umræðusíður

Umræðusíður þar sem fólk er að tala um sín áhugamál eða daginn og veginn eru kjörinn vettvangur til þess að mæla með ákveðinni vefsíðu og því sem hún hefur fram að færa. Þetta getur verið lúmsk aðferð en mjög árangursrík eins og þeir Eve Online menn geta staðfest en þeir hafa mikið kynnt leik sinn í gegnum umræðusíður fyrir leiki.

Blogg síður

Leitarvélar hafa mikinn áhuga á því efni sem birtist á blogg síðum þar sem þær síður eru uppfærðar reglulega og eru fyrst og fremst texta síður. Leitarvélarnar komast á blogg síðum yfir mikið efni á tiltölulega fljótleган hátt. Blogg síða getur því hækkað skor annarra síða umtalsvert og hafa fyrirtæki því komið auga á að ákjósanlegt sé að vera með blogg síðu innan fyrirtækja síðunnar. Á blogginu geta starfsmenn skrifað um sín hugarefni og fyrirtækið getur komið frá sér óhefðbundnu efni. Á blogginu er hægt að tala um daglega starfsemi fyrirtækisins, hvornig nýjasta vörusýningin heppnaðist, ferðalög starfsmanna og upplifun viðskiptavina af fyrirtækinu. Blogg síða er nefnilega tilvalin til að leyfa viðskiptavinum að tjá sig um fyrirtækið og þeirra upplifun á því. Öll fyrirtæki ættu að íhuga að setja upp bloggsíðu þar sem hún lífgar upp á vefsetur fyrirtækisins. Vefsíður sem eru uppfærðar daglega ná meiri árangri en þær sem sjaldan eru uppfærðar og því er bloggsíða tilvalin uppbót á vefsíðu fyrirtækis.

Fréttatilkynningar

Fréttatilkynningar eru alltaf að verða mikilvægari þar sem leitarvélarnar eru búnar að koma sér upp sínum eigin fréttaveitum. Þessar fréttaveitur leita að fréttatilkynningum sem settar eru fram á helstu fjölmiðlum hverja landa. Það er því mikilvægt að vita hvort leitarvélarnar séu að lesa þann fréttamiðil sem fréttatilkynning er send til. Fréttir eru oft settar efstar í leitarniðurstöðu leitarvélanna auk þess sem hægt er að leita sérstaklega undir fréttum á leitarvélum. Fréttaveitur leitarvélanna eru orðnar þær stærstu á netinu og því er ekki hægt að ganga framhjá þessum miðli, sérstaklega ef fréttatilkynningin á ná út fyrir landssteinanna.

Greinar

Greinar eru fyrst og fremst texti, en texti er það sem leitarvélar vilja fyrst og fremst komast í og því er mikilvægt að allar þær greinar sem skrifaðar eru birtist á vefsvæðinu. Margar vefsíður á netinu birta greinar og þannig geta þær aukið sýnileika vefsvæðis heilmikið. Greinar verða að vera skrifaðar með leitarvélur í huga þ.e.a.s. þau lykilorð sem greinin á að finnast undir þurfa að koma fram í greininni og helst nokkuð oft. Mikilvægt er að hafa í huga að fólk leitar í nefnifalli og því þurfa lykilorðin í greininni að vera í nefnifalli.

Froogle og aðrar kynningarsíður

Fyrir þá aðila sem eru með vefverslun og vilja selja í gegnum hana þá er Froogle þjónusta Google góð viðbót. Hún tengir vefverslun fyrirtækis við sig og þannig er hægt að birta á Froogle þær vörur sem eru í boði í vefversluninni þinni. Þú semsagt selur vöruna í gegnum Froogle. Þetta er góð leið til að auka sölu og fá þannig aukinn sýnileika fyrir vörunar þínar.

Local Search

Local Search mun verða mjög áberandi í framtíðinni en þá munu einstaklingar getað leitað eftir svæðum t.d. sérstaklega undir verslanir á Laugavegi eða Reykjavík. Local Search er orðinn virk í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem menn geta valið mjög nákvæma leit eftir tilteknum svæðum. Það er t.d. hægt að leita sérstaklega undir New

York og þá birtast ekki síður sem tilgreindar eru fyrir utan New York. Local leit á örugglega eftir að verða áberandi á Íslandi eftir nokkur ár.

Linkar

Leitarvélerskráning - Submit your site

MSN Search: <http://search.msn.com/docs/submit.aspx>

Yahoo: <http://submit.search.yahoo.com/free/request>

Google: <http://www.google.com/addurl/?continue=/addurl>

Google Sitemaps: <http://www.google.com/webmasters/sitemaps>

Leitarvélur

MSN Search: <http://www.msnsearch.com>

Google: <http://www.google.com>

Yahoo: <http://search.yahoo.com>

Ask Jeeves: <http://www.ask.com>

A9: <http://www.a9.com>

Altavista: <http://www.altavista.com>

Aol Search: <http://www.aol.com>

Hotbot: <http://www.hotbot.com>

Teoma: <http://www.teoma.com>

Lycos: <http://www.lycos.com>

IWon: <http://home.iwon.com>

AlltheWeb: <http://www.alltheweb.com>

Gagnagrunnar

Open Directory (Dmoz): <http://www.dmoz.com>

Yahoo Directory: <http://www.yahoo.com>

Jayde: <http://www.jayde.com>

Search Monster: <http://www.searchmonster.org>

Best of the Web: <http://botw.org>

Boxke: <http://directory.boxke.com>

Web Savvy: <http://www.websavvy.cc>

About: <http://www.about.com>

GoGuides: <http://www.goguides.org>

JoAnt: <http://www.joant.com>

Iceland on the Web: <http://www.icelandontheweb.com>

Fréttabréf

Position Research: <http://www.positionresearch.com/research/technews/technews.html>

Elixir Systems: <http://www.elixirsystems.com/newsletter/index.php>

Search Engine Watch: <http://www.searchenginewatch.com>

SitePro News: <http://www.sitepronews.com/archives.html>

Add Me Newsletter: <http://www.addme.com/newsletter.htm>

Hugbúnaður

Submit-it: <http://www.submit-it.com>

Selfpromotion: <http://selfpromotion.com/url-submission-tutorial.t>

PositionPro: <http://www.positionpro.com>

PrioritySubmit: <http://www.prioritysubmit.com>

WebPosition: <http://www.webposition.com>

Hjálparsíður

Search Engine Watch: <http://www.searchenginewatch.com>

Selfpromotion: <http://www.selfpromotion.com>

Promtiondata: <http://www.promtiondata.com>

Adwords – PPC

<https://adwords.google.com/select/CampaignSummary>

Yahoo Search Marketing – PPC

https://secure.overture.com/s/dtc/center/?mkt=us&lang=en_US

Google Sitemaps

<http://www.google.com/webmasters/sitemaps/login>

XML Sitemap Generator

<http://www.xml-sitemaps.com/>

Pay Per Sale

<http://www.centralshopping.net>

<http://www.cj.com>

<http://www.tradedoubler.com>

<http://www.linkshare.com>

<http://www.affiliatewindow.com>

Link Exchange

<http://www.linkmarket.net>

<http://www.majon.com>

Email Targeting

<http://www.webtrafficmarketing.com>

<http://www.majon.com>

Pop up Windows

<http://www.mediatraffic.com>

<http://www.2muchtraffic.com>

<http://www.highflowtraffic.com>

<http://www.submitpro.us>

Froogle

<http://froogle.google.com/>

Local Search

<http://local.google.com/lochp?hl=en&tab=wl>

<http://local.yahoo.com>